

Þingeyjarsveitar- og Skútustaðahreppur  
Bjarni Reykjalín  
Kjarna  
650 Laugar

Umhverfisstofnun	
Áb.	_____
10. apríl 2014 9.2	
Tilv.	_____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 9. apríl 2014  
Tilvísun: UST20140300279/bk

### Borun eftir köldu vatni í landi Knútsstaða í Aðaldal

Umhverfisstofnun barst tölvupóstur 14. mars síðastliðinn frá Bjarna Reykjalín þar sem hann spurst fyrir um hvort borun eftir köldu vatni í landi Knútsstaða innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár sé háð leyfi Umhverfisstofnunar.

Í 3.gr. laga nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxár í Suður - Þingeyjarsýslu segir að óheimilt sé að valda spjöllum eða raski á lífríki, jarðmyndunum og landslagi á verndarsvæði Mývatns og Laxár nema með sérstöku leyfi Umhverfisstofnunar.


Starfsmaður Umhverfisstofnunar í Mývatnssveit fór í vettvangsferð í Knútsstaði 18. mars síðastliðinn og kannaði aðstæður. Um tvo mögulega borunarstaði eftir köldu vatni var að ræða.


Annar er staðsettur skammt norðvestan við Knútsstaði (65° 55'10,46" N, 17°26'23,32" W, ekki nákvæm staðsetning). Starfsmaður Umhverfisstofnunar metur að auðvelt sé að fara með bor að svæðinu, bora og leggja vatnslögn án þess að hafa áhrif á ásynd eða verndargildi svæðisins og því ekki leyfi af hálfu stofnunarinnar til að bora eftir köldu vatni á þessum stað.

Hinn staðurinn er skammt suðvestan við Knútsstaði (65° 55'4,04" N, 17°26'18,16" W, ekki nákvæm staðsetning). Starfsmaður Umhverfisstofnunar metur að vegna snjóalaga hafi ekki verið hægt að meta hvort borun eftir köldu vatni feli í sér möguleg áhrif á ásynd eða verndargildi svæðisins og því skorti forsendur til að meta hvort framkvæmdin á þeim stað, sé leyfis skyld af hálfu stofnunarinnar eða ekki.

Umhverfisstofnun beinir þeim tilmælum til framkvæmdaraðila, að tilkynna starfsmanni Umhverfisstofnunar á svæðinu við upphaf og lok framkvæmdar norðanvestan við Knútsstaði, þó stofnunin meti það sem svo að hún sé ekki leyfis skyld.

Virðingarfyllt

  
Bergþóra Kristjánsdóttir  
Sérfræðingur

  
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Teymisstjóri